

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hvammstangahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

Nr. 67.

11. apríl 1975.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í heildsölu og smásölu.

Ráðuneytið hefur heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Andakilsárvirkjun hækkun heildsöluverðs raforku um 11% frá og með 15. apríl 1975.

Ráðuneytið hefir, frá sama tíma, heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur 4.3% hækkun og Rafveitu Hafnarfjarðar 4.73% hækkun smásöluverðs raforku, sbr. og auglýsingu ráðuneytisins nr. 60 26. mars 1975. Frá sama tíma er þeim öðrum rafveitum, er sæta verða fyrrgreindri hækkun heildsöluverðs raforku, og þess óska, heimilud samsvarandi hækkun að skaðlausu á smásöluverði seldrar raforku, eða allt að 5.5%.

Iðnaðarráðuneytið, 11. apríl 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Arnason.

Jóhannes Guðfinnsson.